

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 114/2019

frá 8. maí 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1991 frá 13. desember 2018 um leyfi til að setja á markað ber *Lonicera caerulea* L. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/108 frá 24. janúar 2019 um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýju innihaldsefni í matvælum, útdrætti fituefnis úr suðurhafsljósátu (*Euphausia superba*), samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/109 frá 24. janúar 2019 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á olíu úr *Schizochytrium* sp. sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/110 frá 24. janúar 2019 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á olíu úr fræi *Allanblackia* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 320, 17.12.2018, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 11.

inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.

6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

- „- **32018 R 1991**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1991 frá 13. desember 2018 (Stjtið. ESB L 320, 17.12.2018, bls. 22),
- **32019 R 0108**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/108 frá 24. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 4),
- **32019 R 0109**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/109 frá 24. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 7),
- **32019 R 0110**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/110 frá 24. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 11).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 153. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1556):

„154. **32018 R 1991**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1991 frá 13. desember 2018 um leyfi til að setja á markað ber *Lonicera caerulea* L. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 320, 17.12.2018, bls. 22).

155. **32019 R 0108**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/108 frá 24. janúar 2019 um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýju innihaldsefni í matvælum, útdrætti fituefnis úr suðurhafsljósátu (*Euphausia superba*), samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 4).

156. **32019 R 0109**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/109 frá 24. janúar 2019 um leyfi fyrir rýmku á notkun á olíu úr *Schizochytrium* sp. sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 7).
157. **32019 R 0110**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/110 frá 24. janúar 2019 um leyfi fyrir rýmku á notkun á olíu úr fræi *Allanblackia* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/1991, (ESB) 2018/108, (ESB) 2018/109 og (ESB) 2018/110, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Claude Maerten**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.